

Frumvarp til laga um Land og skóg, mál 858 á 153. löggjafarþingi. 14/04/2023
Athugasemdir og breytingartillaga frá Ólafi S. Andrésyni.

Í athugasemdum við drög að frumvarpi til laga um Land og skóg sent á Samráðsgátt (sjá fylgiskjal) lýsti ég áhyggjum af því að Skógræktin og þar með hin nýja stofnun Land og skógur kynni að vera í samkeppni við einkaaðila á opnum markaði, enda þótt ætla mætti af núgildandi lögum um skógrækt og af ákvæði 4. gr. núverandi frumvarps að svo væri ekki. Mæltist ég til að skýrar yrði kveðið á um þetta atriði.

Þessarar athugasemdar er ekki getið í þeirri greinargerð sem fylgir frumvarpinu.

Til upplýsingar bendi ég á að í ársreikningi Skógræktarinnar 2021 kemur fram að “Vörusala II” nam 419 Mkr (280 Mkr árið 2020) og “Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir” nam 141 Mkr (47 Mkr árið áður). Jafnframt segir í skýringum á vefsíðu Skógræktarinnar að “Sértekjur voru 610,8 m.kr. og hækkuðu um 220,3 m.kr., munar þar mest um samstarfsverkefni um kolefnisbindingu með ýmsum samstarfsaðilum.”

Í núverandi lögum um skógrækt virðast ekki heimildir fyrir ofangreindri starfsemi, sem líta má á sem sölu á eignum ríkisins. Jafnframt er líklegt að hún brjóti í bága við samkeppnislög, en Skógræktin hefur verið áttalin fyrir samkeppnisbrot, oftast en einu sinni.

Mikilvægt er að ný stofnun, Land og skógur, fari af stað með hreint borð og skýrar línur í þessum efnum. Því mælist ég til að eftirfarandi verði bætt við “Ákvæði til bráðabirgða”:

Ríkisendurskoðun verði fengin til að gera úttekt á stjórnslu, skipulagi og starfsemi Skógræktarinnar og Landgræðslunnar áður en gengið verður frá skipulagi og starfsreglum hinnar nýju sameinuðu stofnunar Land og skógur.

Ólafur S. Andrésen lífefnafræðingur og fyrrverandi prófessor við Háskóla Íslands
kt. 091051-4159

Fylgiskjal:

Athugasemdir ÓSA við Drög að frumvarpi til laga um Land og skóg, mál nr. 8/2023, sent á samráðsgátt.